



Sveitarfélög á Norðurlandi eystra

Kvennaathvarfinu, 28. nóvember 2023

### Umsókn um rekstrarstyrk til Kvennaathvarfs á Norðurlandi

Í ágúst 2020 opnuðu Samtök um kvennaathvarf neyðarathvarf á Akureyri sem ætlar er konum og börnum þeirra, sem flýja þurfa heimili sín sökum ofbeldis. Þjónusta athvarfsins á Akureyri hefur hingað til verið skertari en í athvarfinu í Reykjavík, þá aðallega vegna styttri viðveru starfskvenna í athvarfinu. Með aukinni aðsókn kvenna og barna í athvarfið komst stjórn Samtaka um kvennaathvarf að þeirri niðurstöðu að ekki væri forsvaranlegt að halda áfram rekstri í óbreyttri mynd.

Frá upphafi hefur rekstur athvarfsins á Norðurlandi komið að lang mestu leyti úr sjóðum Samtaka um Kvennaathvarf. Ljóst var að sá sjóður myndi ekki geta staðið undir rekstrinum á Akureyri miðað við það þjónustustig sem stjórn Samtaka um Kvennaathvarf mat sem öruggt og viðunandi. Í september s.l. hlutu Samtök um kvennaathvarf styrk frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti ætlað sérstaklega fyrir rekstur athvarfs á Akureyri og með mótframlagi frá Samtökum um kvennaathvarf hefur viðunandi þjónusta nú verið fest í sessi. Hér má sjá áætlaðan kostnað vegna reksturs Kvennaathvarfs á Akureyri fyrir árið 2024, miðað við það þjónustustig sem við nú bjóðum uppá:

Launakostnaður 30,5 mkr.

Húsnæðiskostnaður 2,8 mkr.

Annar rekstrarkostnaður 1,2 mkr.

**Samtals 34,5 mkr.**

Kvennaathvarf á Akureyri er rekið í nánú samstarfi við þjónustuaðila á svæðinu, s.s. Bjarmahlíð, Aflið, lögregluna og barnavernd Akureyrarbæjar – en slíkt samstarf tryggir betri þjónustu og utanumhald um þolendur ofbeldis. Það er von okkar að sveitarfélög á Norðurlandi eystra taki þátt í að tryggja framboð á þessari gríðarlega mikilvægu þjónustu. Fyrir hönd Samtaka um kvennaathvarf óskar Kvennaathvarfið hér með eftir styrk frá sveitarfélögum á Norðurlandi eystra til að mæta húsnæðiskostnaði athvarfsins fyrir árið 2024, alls 2,8 milljónir króna.

Með bestu kveðjum.

Fyrir hönd Samtaka um kvennaathvarf,  
Linda Dröfn Gunnarsdóttir, framkvæmdastýra